

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. desember 2013
Tilvísun 111
MKÁ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt (afleiðuviðskipti o.fl.), 204. mál

Vísað er til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 4. desember sl. þar sem óskað var umsagnar NASDAQ OMX Iceland hf. („**Kauphöllin**“) um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (afleiðuviðskipti o.fl), 204. mál.

Kauphöllin tekur undir tillögur að breytingum á ákvæðum tekjuskattslaga nr. 90/2003 er varða skattlagningu tekna sem stafa frá afleiðusamningum. Í frumvarpinu er lögð til breyting sem felur í sér að litið verður á tekjur af afleiðusamningum sem söluhagnað í stað vaxta að undanskildum vaxtaskiptasamningum. Leiðir þetta m.a. til þess að staðgreiðsla af afleiðuviðskiptum fellur brott í þeim tilfellum þar sem tekjur af afleiðusamningum teljast til söluhagnaðar. Tillagan felur einnig í sér þá jákvæðu breytingu að áður en skattskyldur hagnaður af sölu afleiðusamninga er ákveðinn má skattaðili draga frá heildarhagnaðinum það tap sem hann kann að hafa orðið fyrir vegna sölu annarra afleiðusamninga á sama ári. Kauphöllin fagnar umræddri breytingu og telur að sterk rök hvíli að baki því að farið sé með tekjur af afleiðusamningum með sama hætti og tekjur af undirliggjandi verðbréfum.

Kauphöllin hefur ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Magnús Kristinn Ásgeirsson,
lögfræðingur